

12. nóvember 1976.

733

Nr. 383.

AUGLÝSING um álag á fasteignamat.

Félagsmálaráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt heimild í b. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 11 28. apríl 1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum o. fl., sbr. lög nr. 8/1972, að álag á aðalmat fasteigna, sem tók gildi 31. desember 1971, skuli vera 236%, að því er tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati. Hér er því um að ræða 23.1% hækkun frá fyrra ári.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1976.

**F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.**

Jón S. Ólafsson.